

Ár 2007, þriðjudaginn 22. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-52/2007:

Ákærvaldið

*(Gunnar Örn Jónsson ftr.)*

gegn

Sigurði Inga Sigurpálssyni

*(Torfi Ragnar Sigurðsson hdl.)*

svofelldur

#### **d ó m u r :**

Mál þetta, sem þingfest var þann 15. mars sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 5. febrúar 2007, á hendur Sigurði Inga Sigurpálssyni, kt. 000000-0000, Neðri-Þverá, Rangárþingi eystra, „fyrir brot gegn lögreglusamþykkt fyrir Árnassýslu, áfengis- og lögreglulögum með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 5. nóvember 2006, fyrir utan Ingólfskaffi í Ölfusi, ölvaður og æstur valdið óspektum, hættu og hneykslan á almannafæri, eftir að honum hafði verið vísað út af samkomustaðnum af dyravörðum, með því að skyrpa blóði í allar áttir og hafa uppi hótanir um slagsmál, neita að greina lögreglu frá nafni sínu og ítrekað neitað að hlýða fyrirmælum dyravarða og síðar lögreglu um að hverfa frá.

Telst brot ákærða varða við 21. gr., sbr. 1. mgr. 27. gr. áfengislaga nr. 75,1998, sbr. 41. gr. lögreglulaga nr. 90,1996 og 2. gr., 8. gr. og 10. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. lögreglusamþykktar fyrir Árnassýslu nr. 134/1939 frá 10. júlí 1939 sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um lögreglusamþykktir nr. 36,1988. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Ákærði mætti við þingfestingu málsins og neitaði sök og krafðist ákærði sýknu og að kostnaður yrði lagður á ríkissjóð.

**Málsástæður:**

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að óskað hafi verið aðstoðar lögreglu að Ingólfskaffi í Ölfusi aðfaranótt 5. nóvember 2006 vegna manns sem hafði verið vísað út af skemmtistaðnum bakdyramegin vegna ónæðis innandyra. Skömmu eftir að lögreglan kom á staðinn hefði ákærði komið að aðaldyrum hússins, alblóðugur í framan og á fötum og með brotna tönn í efri gómi auk þess að vera með sprungna vör. Hefði ákærði verið mjög æstur og hrækt blóði í allar áttir. Þá hefðu lögreglumenn reynt að ræða við ákærða en hann neitað að segja til nafns. Þá kemur fram í skýrslunni að lögreglan hefði boðið ákærða að aka honum til lækni vegna áverkanna í andliti en ákærði ekki þegið það. Ákærði hefði neitað að segja til nafns en honum hafði verið bent á að hann fengi ekki inngöngu aftur inn í húsið. Aðspurður um áverka í andliti kvaðst ákærði hafa verið laminn af einhverjum, sem hann ætlaði að hitta inni og lemja. Þá hefði ákærði hrækt blóði í allar áttir og ekki hlýtt neinum fyrirmælum lögreglu. Hefðu samskipti þeirra endað með því að ákærði var handtekinn og færður inn í lögreglubifreiðina. Á meðan á þessu stóð kom Jón Ívar Jóhannsson að og skýrði lögreglu svo frá að hann hefði verið að pissa norðan við húsið þegar ákærði hefði komið æðandi að honum alblóðugur í framan og hefði hann hrækt blóði á Jón Ívar en hann kvaðst gera þá kröfu að ákærði greiddi hreinsun á fötum sínum. Á lögreglustöð hefði lækni komið og talið að aðeins ein tönn væri brotin í efri gómi og að skurð á neðri vör þyrfti að sauma en rétt væri að bíða með það þar til ákærði yrði rólegri og runnin af honum víman.

Fyrir lögreglu kvaðst ákærði hafa dottið á andlitið fyrir utan Ingólfshöllina og við það hefði tönn í honum brotnað auk þess að talsvert hefði blætt úr munn hans. Neitaði ákærði þá að hafa nokkuð verið að ergja aðra menn og hafi hann ekki verið í neinum slagsmálum. Ákærði kvaðst þá ekki hafa haft áhuga á að fara með lögreglunni því hann hefði átt far heim eftir ballið austur í Fljótshlíð. Þá kvaðst ákærði hafa drukkið um fimm til sex hálfslítra bjóra frá því fyrr um kvöldið. Ákærði neitaði því að hafa hrækt á mann fyrir utan Ingólfshöll en vel mætti vera að það hefði frussast blóð frá honum er hann hefði verið að tala. Þá gæti það allt eins hafa gerst að það hefði lent á einhverjum. Ákærði kvaðst ekki hafa getað við því gert ef einhverjir hefðu staðið nærri honum og fengið á sig blóð. Ákærði kvaðst ekki hafa talið að neitt tilefni hefði verið til þess að handtaka sig í umrætt sinn.

### **Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:**

Ákærði kom fyrir dóminn. Kvaðst ákærði hafa, ásamt félögum sínum, farið á dansleik í Ölfushöllina og þeir verið saman í bifreið. Ákærða hefði verið vísað út af staðnum og hann farið út úr húsinu baka til. Þar hefði ákærði dottið og fengið áverka á andlit. Ákærði kvaðst hafa drukkið eitthvað um kvöldið en mundi ekki hversu mikið. Ákærði kvaðst hafa reynt að komast inn á staðinn aftur þar sem félagar hans hefðu verið. Ákærði kvaðst muna eftir því að lögreglan hefði haft afskipti af sér fyrir utan staðinn og beðið sig um nafn en hann neitað að gefa það upp þar sem hann taldi að lögreglan þyrfti ekki að hafa afskipti af sér. Ákærði neitaði því að hafa skyrpt á nærstadda blóði eða öðru. Ákærði neitaði því að hafa ætlað inn á staðinn aftur í þeim tilgangi að berja mann og annan. Hann kvaðst ekki hafa vitað hversu illa hann væri farinn í andliti og þess vegna hefði hann viljað fara inn á staðinn aftur til að kanna meiðsl og hitta féлага sína. Ákærði mundi eftir því að dyraverðir hefðu vísað sér frá staðnum og að hann hefði verið að fara frá þegar

lögreglan hafði afskipti af honum. Ákærði kvaðst hafa verið ljótur í framan, enda blóðugur í andliti, en hann hefði alls ekki verið ógnandi eða með læti.

Vitnið Davíð Ómar Gunnarsson, kt. 000000-0000, lögreglumaður, gaf skýrslu fyrir dómnum. Kvað hann að beiðni hefði komið frá fjarskiptamiðstöð lögreglunnar um aðstoð að Ölfushöllinni. Þegar vitnið var komið á staðinn hefði ákærði komið gangandi og verið alblóðugur í framan og greinilega með brotna tönn. Ákærði hefði neitað að gefa lögreglunni upp nafn sitt, hann hefði viljað fara inn á staðinn aftur til að berja mann og annan, hótað lögreglumönnum meiðingum o.fl. Ákærði hefði verið mjög æstur og látið illa en ekki hefði gengið að tala hann til. Þá hefði ungur maður komið til þeirra með blóð á sér sem hann kvað ákærða hafa skyrpt á sig. Skýr skilaboð hefðu verið frá dyravörðum um að ákærði færi ekki inn á skemmtistaðinn aftur. Ákærði hefði ekki verið í neinum slagsmálum en hann hefði neitað lögreglunni að koma inn í lögreglubifreiðina. Aðspurður um það hvort blóð hefði frussast út úr ákærða eða hvort hann hefði hrækt, þá kvað vitnið að hvorutveggja hefði verið, blóð hefði frussast út úr ákærða þegar hann talaði auk þess sem hann hefði verið að hrækja, ekki á neinn sérstakan en hending hefði ráðið því hvort einhver yrði fyrir hráka eða ekki. Vitnið kvað ákærða hafa streist á móti handtökunni og hefði þurft aðstoð dyravarda við að handtaka hann.

Vitnið Magnús Páll Sigurjónsson, kt. 000000-0000, lögreglumaður, kom fyrir dóminn og kvaðst hafa fengið tilkynningu um ónæði í Ölfushöll en ákærði hefði verið að ónáða söngvara hljómsveitarinnar o.fl. Ákærði hefði verið mjög æstur þegar lögreglan kom á staðinn, hann hefði verið með almennar hótanir um að berja dyraverði og síðan lögregluna líka. Ákærði hefði greinilega verið mjög ölvaður. Ákærði hefði reynt inngöngu inn á skemmtistaðinn aftur og þá hefði hann verið handtekinn en dyraverðir hefðu sagt það skýlaust að ákærði færi ekki inn á staðinn aftur. Ákærði hefði verið blóðugur og hefði blóð frussast út úr honum þegar hann talaði en ákærði hefði verið mjög óskýr í máli. Blóð hefði farið á lögreglumennina. Ákærði hefði neitað að gefa lögreglunni upp nafn sitt. Aðspurður um það hvort ákærði hefði hrækt á einhvern sérstakan kvað vitnið að ákærði hefði verið með fullan munn af blóði, enda með brotna tönn, en hann hefði ekki verið að spá í það hvort hrákinn lenti á einhverjum eða ekki.

Vitnið Leifur Halldórsson, kt. 000000-0000, lögreglumaður kom fyrir dómnum. Vitnið kvaðst hafa farið að Ölfushöllinni vegna beiðni um aðstoð við handtöku. Ákærði hefði sjáanlega verið verulega ölvaður, hefði talað samhengislaust, hann hefði verið með hótanir um að berja einhverja eða einhvern en vitnið gerði sér ekki grein fyrir því að hverjum sú hótun beindist. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt ákærða neita lögreglu um upplýsingar um sig. Ákærði hefði síðan verið fluttur á lögreglustöðina á Selfossi og vistaður þar í fangaklefa. Afskiptum vitnisins af ákærða hefði lokið þar með.

Vitnið Jóhanna Eivinsdóttir Cristiansen, kt. 000000-0000, lögreglumaður kom fyrir dómnum og kvaðst hafa komið á vettvang þegar verið var að handtaka ákærða. Vitnið kvaðst hafa setið með ákærða í lögreglubifreiðinni frá vettvangi að lögreglustöðinni og reynt að ræða við ákærða. Hann hefði verið mjög ölvaður og talað samhengislaust en á leiðinni hefði hann brotnað saman. Afskiptum vitnisins af ákærða hefði lokið þar með.

Vitnið Svanur Kristjánsson, kt. 000000-0000, lögreglumaður kom fyrir dóminn og kvaðst muna eftir því að aðstoðar hefði verið óskað að Ingólfshöllinni. Þegar vitnið kom á vettvang hefði verið búið að setja ákærða í handjárn. Vitnið hefði síðan ekið ákærða til Selfoss og á leiðinni hefði vitnið ítrekað innt ákærða eftir nafni eða hver hann væri en ákærði ítrekað neitað að gefa upplýsingar um sig. Ákærði hefði síðan verið vistaður í fangaklefa.

Vitnið Jón Ívar Jóhannsson, kt. 000000-0000, Þrastaríma 21, Selfossi, kom fyrir dóminn. Vitnið kvaðst hafa verið á dansleik á Ingólfshvoli í umrætt sinn. Vitnið kvaðst muna eftir því að það hefði verið úti að kasta af sér vatni þegar maður kom gangandi að því alblóðugur og hefði vitnið hjálpað honum og farið með hann til lögreglunnar. Blóð hefði frussast frá ákærða enda alblóðugur og með brotna tönn. Kvað hann ákærða hafa sagt sér að hann hefði dottið. Vitnið kvaðst ekkert þekkja til ákærða en hann hefði greinilega verið undir áhrifum áfengis. Vitnið kvað ákærða ekki hafa verið æstan en hann hefði virst frekar vankaður. Vitnið kvað ákærða hafa hangið hálfpartinn á sér og því hafi blóð farið á vitnið sem vitnið var ekkert hrifið af. Vitnið kvaðst hafa verið að aðstoða ákærða þar sem hann hefði komið gangandi utan úr myrkrinu og vitnið því ætlað að aðstoða eða hjálpa honum. Vitnið kvaðst ekki hafa upplifað að ákærði hefði vísitandi hrækt á sig, maðurinn hefði verið drukkinn og þá slefi fólk oft auk þess sem greinilega hefði verið mikið blóð uppi í ákærða.

Vitnið Aron Ólafsson, kt. 000000-0000, Seiðakvísl 41, Reykjavík, dyravörður gaf símaskýrslu fyrir dómi. Kvaðst vitnið hafa verið við störf í Ingólfshöll í umrætt sinn. Ákærði hefði verið með leiðindi inni á staðnum og uppi á sviði. Því hefði verið tekin sú ákvörðun að vísa honum út úr húsi og hefði það verið gert bakdyramegin. Þá hefði ákærði sagt við vitnið að hann myndi bara fara inn að framan aftur. Vitnið kvaðst þá hafa farið að framdyrunum aftur og fljótlega hefði ákærði komið upp að aðaldyrunum, alblóðugur, og reynt inngöngu. Lögreglan hefði verið komin á staðinn fljótlega og sett ákærða í handjárn. Vitnið kvað ákærða hafa sagst ætla að vera með vesen inni á staðnum, berja einhverja og að dyraverðir myndu sjá eftir því að hafa afskipti af ákærða. Vitnið mundi eftir því að blóð hefði komið á hurðarhún þegar ákærði hefði tekið í húninn en vitnið mundi ekki til þess að blóð hefði frussast út úr ákærða. Vitnið kvað fimm dyraverði hafa verið við innganginn og ákærði hefði ekki lagt í þá en öskrað á þá og verið með yfirlýsingar. Ákærði hefði verið mjög drukkinn, ákærði væri stór og sterkbyggður og taldi vitnið að hætta hefði getað stafað af honum á vettvangi vegna hegðunar hans.

### **Niðurstöður:**

Í máli þessu er ákærða gert að sök að hafa ölvaður og æstur valdið óspektum, hættu og hneykslan á almannaferi, með því að skyrpa blóði í allar áttir og hafa uppi hótanir um slagsmál, eftir að honum hafði verið vísað út af samkomustað af dyravörðum. Ákærði kvaðst strax hjá lögreglu, daginn eftir að hann var handtekinn, hafa dottið bak við Ölfushöllina og þannig fengið áverka í andlit. Ákærði neitaði því ekki að hugsanlega hefði getað frussast blóð frá honum þegar hann var að tala en hann neitaði að hafa skyrpt á nokkurn mann. Ákærði bar eins fyrir dómi. Sannað þykir að ákærða var vísað út af skemmtistaðnum og fór ákærði út um bakdyr

hússins. Þá er sannað að ákærði hlaut áverka við það að detta en engin vitni voru að því. Ákærði kom alblóðugur að vitninu Jóni Ívari Jóhannssyni sem reyndi að aðstoða ákærða. Engin lögregluskýrsla var tekin af því vitni en fyrir dómi kvað vitnið ákærða hafa verið mjög blóðugan og hefði blóð frussast út úr honum þegar hann talaði, enda ölvaður. Vitnið Jón Ívar taldi ekki að ákærði hefði verið að skyrpa á sig vísvitandi. Þá bera lögreglumennirnir Davíð Ómar og Magnús Páll að ákærði hefði verið alblóðugur í framan, enda með brotna tönn, hann hefði verið ölvaður og blóð frussast út úr honum þegar hann talaði auk þess sem hann hefði hrækt blóði. Hann hefði hins vegar ekki hrækt á neinn sérstakan, heldur bara hrækt frá sér. Talið er sannað með vætti fimm lögreglumanna, dyravarðar og eins vitnis að ákærði hefði verið greinilega ölvaður og mátti þá ráða það af hegðun hans og mæli. Þá liggur fyrir að ákærði hlaut áverka í andliti þannig að mikið blæddi úr munni hans og vör. Þá kemur til skoðunar hvort hegðan ákærða hafi verið þannig að hann hafi með henni valdið óspektum, hneykslan og hættu. Ekki er refsivert að vera ölvaður á almannafæri. Í Ingólfshöll eða Ölfushöll í Ölfusi eru haldnir stórir dansleikir og áfengi haft um hönd. Í slíkum tilvikum skapast oft þær aðstæður að lögreglu og dyraverði þarf til að halda uppi lögum og reglu, enda er það þeirra hlutverk. Þá má alltaf búast við því við dansleikjahald að gestir sýni annarlega hegðun og öfgafulla framkomu eftir að hafa neytt áfengis. Hins vegar er ljóst að hver og einn ber ábyrgð á hegðan sinni þótt hann hafi neytt áfengis. Eitt af því sem ákært er fyrir er sú háttsemi að hafa skyrpt blóði í allar áttir. Sannað þykir að blóð gekk frá ákærða en ekki þykir fram komin sönnun fyrir því að ákærði hafi valdið hneykslan eða hættu með því að skyrpa vísvitandi á nærstadda og þá er refsilaust að blóð sem kemur frá slösuðum manni frussist frá honum þó svo að hinn slasaði sé ölvaður. Ölvun ein og sér gerir slíka háttsemi ekki refsiverða.

Þá er ákært fyrir að ákærði hafi verið með hótanir um slagsmál. Ákærði hefur staðfastlega neitað því. Lýsingar vitna um þá háttsemi eru nokkuð óljósar. Vitnið Magnús Páll kvað ákærða hafa verið með almennar hótanir um að berja mann og annan, hann hefði viljað inn á skemmtistaðinn aftur til að berja einhvern en ekki kom fram hvort ákærði hafi verið með einhverja slíka tilburði. Vitnið Aron Ólafsson dyravörður kvað ákærða hafa öskrað á dyraverðina eftir að hann fór út af staðnum og þá hótað að berja einhvern inni á staðnum. Var vitnið ekki afdráttarlaust í svörum aðspurt um það hvort hætta hefði stafað af ákærða.

Háttsemi ákærða er heimfærð undir 2., 8. og 10. gr. lögreglusamþykktar fyrir Árnessýslu nr. 134/1939 og 21. gr. áfengislaga nr. 759/1998.

Í 2. gr. lögreglusamþykktarinnar segir að þegar fjölmenni safnist saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skuli menn haga sér eftir þeim fyrimælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu. Í 8. gr. samþykktarinnar kemur fram að drukknum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skuli ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir séu komnir til sjálfs sín aftur. Þá segir að þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafi í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skuli ráðstafa á sama hátt þar til þeir séu komnir til sjálfs sín aftur og skulu þeir þá enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarfriði og reglu, er þeir kunnir að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

Þá segir í 90. gr. samþykktarinnar að refsing við broti gegn lögreglusamþykktinni varði sektum allt að 1.000 krónum.

Lögreglusamþykkt þessi er frá árinu 1939 eða 68 ára gömul. Var hún samin í samræmi við tíðarandann á þeim tíma. Viðhorf til drykkjuskapar og óspekta var allt annað þá en það er í dag. Á þeim tíma heyrði til undantekningar og var eftir tekið ef menn neyttu áfengis í óhófi. Í dag er allt annað mat lagt á hegðan manna við drykkju og þykir ekki tiltökumál nú það sem þótti til hneisu og skammar fyrir tæplega sjötíu árum. Þá eru sektarfjárhæðir í samþykktinni ekki heldur í samræmi við refsingar í dag.

Telur dómurinn að ekki sé fram kominn, svo hafið sé yfir allan vafa, full sönnun um að ákærði hafi með þeim hótunum og skyrpingum, sem hann er sakaður um, valdið hættu eða hneykslan á almannaferi en meta verður háttsemi ákærða með hliðsjón af þeim aðstæðum sem hann var í. Ljóst er að menn geta búist við óæskilegri hegðan manna þar sem almenn drykkja fer fram og veldur sú hegðun minni hneykslan en hlytist af sömu hegðan t.d. við kirkjuhald eða þar sem ekki er reiknað með drukknun fólki. Að þessu virtu þykir ekki lögfull sönnun fram kominn að sú háttsemi sem lýst er í ákæru hafi valdið hættu eða hneykslan á þeim stað og þeirri stundu sem um ræðir. Þá verður, við mat á því hvort ákærði olli óspektum með hegðan sinni í umrætt sinn, að líta til þess hvar og hvenær þær óspektir voru viðhafðar. Voru þær að mati dómsins ekki meiri en búast mátti við undir slíku dansleikjahaldi. Þá er 21. gr. áfengis laga svo matskennd að ekki þykir fært að túlka hana svo þröngt að ákærði verði sakfelldur fyrir þá háttsemi eins og lýst er í ákæru með vísan til þess sem að ofan segir.

Að öllu þessu virtu og að mat á því hvað telst til óspekta, hneykslunar og hættu er háð viðhorfi einstakra manna á hverjum tíma og svo teygjanlegt, þrátt fyrir að talið sé sannað að ákærði hafi sýnt af sér þá háttsemi sem í ákæru greinir, er ósannað að það hafi valdið hneykslan, hættu eða óspektum. Ber því að sýkna ákærða af þessum hluta ákærunnar.

Ákærði er sakaður um að hafa neitað að gefa lögreglu upp nafn sitt við handtöku. Ákærði játaði þá háttsemi fyrir dóminum og verður ákærði því sakfelldur fyrir það og sú háttsemi réttilega heimfærð til 10. gr. lögreglusamþykktar Árnessýslu nr. 134/1939. Þá er ákærði sakaður um að hafa ekki hlýtt fyrirmælum lögreglu um að hverfa frá. Fyrir dómi og í gögnum málsins kemur fram að ákærði reyndi inngöngu á skemmtistaðinn eftir að honum hafði verið vísað út af honum og vísað frá. Telst því sannað að ákærði hlýddi ekki fyrirmælum um það að hverfa frá. Verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi.

Að öllu ofangreindu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem ákærða ber að greiða innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæta ella fangelsi í tvo daga.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr., sbr. 164. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, skal ákærða gert að greiða málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, sem ákvarðast 129.480 krónur, að 1/3 hluta. 2/3 hlutar sakarkostnaðar skulu greiddir úr

ríkissjóði. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Enginn annar sakarkostnaður hefur hlotist af máli þessu.

Gunnar Örn Jónsson flutti málið fyrir hönd ákærvaldsins.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**D ó m s o r ð :**

Ákærði, Sigurður Ingi Sigurpálsson, greiði 20.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella fangelsi í tvo daga.

Ákærði greiði 1/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Torfa Ragnars Sigurðssonar héraðsdómslögmanns 43.160 krónur en 2/3 hlutar, 86.320 krónur, skulu greiddir úr ríkissjóði.

Ástríður Grímsdóttir